



Ráðhús Garðabæjar
B.t. Eysteins Haraldssonar, forstöðumanns tækni- og umhverfissviðs
Garðatorgi 7,
210 Garðabæ

Sent með tölvupósti á eysteinn@gardabaer.is

Reykjavík 20. febrúar 2020

Erindi: Viðhald og endurnýjun götulýsingar í Garðabæ.

Með fyrirspurn, dags. 16. júlí 2019, óskuðu Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „Samtökin“) eftir upplýsingum um málefni tengd viðhaldi og endurnýjun götulýsingar í bæjarfélaginu. Spurningarnar voru nánar tiltekið eftirfarandi:

1. Hver/hverjir annast viðhald götulýsingar fyrir Garðabæ og er það viðhald unnið á grundvelli útboðs?
2. Er fyrirbyggjandi þjónustusamningur um viðhald götulýsingar í Garðabæ?
3. Er fyrirbyggjandi aðgerðaáætlun um endurnýjun götulýsingar í Garðabæ?

Með erindi þessu vilja samtökin fylgja eftir þeim svörum sem bárust frá Garðabæ með bréfi, dags. 24. júlí 2019, en þar kom meðal annars fram að unnið væri að aðgerðaráætlun um endurnýjun götulýsingar og væri sú áætlun langt komin. Vilja samtökin í fyrsta lagi fá að vita hvort aðgerðaráætlunin sé tilbúin, ef svo er óska samtökin eftir því að fá sent afrit af henni með svari við erindi þessu. Ef ekki, óska samtökin eftir að fá að vita hvenær áætlað sé að hún verði tilbúin. Í öðru lagi óska samtökin eftir upplýsingum um kostnað vegna reksturs og viðhalds götulýsingar í Garðabæ. Í þriðja lagi óska samtökin eftir upplýsingum um það hvort gerður hafi verið þjónustusamningur um viðhald og endurnýjun götulýsingar í Garðabæ og ef ekki, hvort til standi að gera slíkan samning og þá á grundvelli útboðs.

Samtökin byggja upplýsingabeiðni þessa á meginreglum upplýsingalaga nr. 140/2012, sbr. 5. gr. laganna. Vænta samtökin þess að beiðni þessi verður afgreidd innan sjö daga frá móttöku. Vinsamlegast staðfestið móttöku erindisins rafrænt.

Virðingarfyllst,


Jóhanna Klara Stefánsdóttir
Sviðstjóri mannvirkjasviðs